

KENNARARÁÐ

Þriðji fundur ráðsins var fjarfundur í Teams-kerfinu. Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 19. ágúst 2020 kl. 10:00-12:00.

Fundarmenn:

Boðaðir voru allir aðalfulltrúar ráðsins.

Mætt:

Birgir Urbancic Ásgeirsson formaður sem stýrði fundinum, Sonja Dögg Pálsdóttir, S. Lára Ásbergisdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Karl Frímannsson, Ingimar Ólafsson Waage, Ragnar Ólafsson (fyrir Guðnýju Ástu Snorradóttur), Freyja Hreinsdóttir, Haraldur Gíslason, Anna María Gunnarsdóttir og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir. Karl vék af fundi kl. 10:50 – 11:15.

Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður Menntamálastofnunar ritaði fundargerð.

Dagskrá og fundargerð:

1. Upphaf, fundardagskrá og fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir gerðar við dagskrá fundarins né fundargerð síðasta fundar. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Staða vinnuhópa

a. *Vinnuhópur um hæfniramma fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara.* Hópstjóri fór yfir síðasta fundi hópsins og fyrirkomulag vinnunnar. Hópurinn fer yfir hæfniramma nokkurra landa og skýrslur alþjóðasamtaka sem varða verkefni hópsins. Vinnuhópurinn fundar annan hvern föstudag til að byrja með.

b. *Vinnuhópur um sérhæfða hæfni skólastjórnenda.* Hópstjóri greindi frá vinnu hópsins. Hópurinn safnar gögnum og vinnur úr þeim gögnum í framhaldinu. Vinnuhópurinn fundar annan hvern föstudag til að byrja með.

c. *Vinnuhópur um hæfni kennara í íslensku.* Hópstjóri kynnti það sem kom fram á fyrsta fundi vinnuhópsins og hvernig hann hefur skipt með sér verkum. Hún nefndi að hópurinn velti fyrir sér hvort hann muni einnig vinna að innihaldi og eflingu íslensku í kennaranáminu hér á landi.

Umræður um skipan í vinnuhópanna og að vinnuhóparnir eru skipaðir aðal- eða varamönnum kennararáðs. Einnig eru tilvik þar sem aðrir en fulltrúar kennararáðs eru kallaðir til leiks til að leggja verkefnunum lið. Formaður og varaformaður kennararáðs hafa yfirsýn með samsetningu hópanna með það að leiðarljósi að samsetning þeirra henti starfi hópsins, jafnvægi sé í fjölda fulltrúa frá mismunandi aðilum og að hóparnir verði ekki of fjölmennir.

3. Útfærsla á þáttum 6 og 8 í starfsáætlun Kennararáðs

a. *Þáttur 6 - að fylgjast með alþjóðlegri þróun í menntavísindum:* Formaður lagði til að hópurinn gæfi sér tíma á hverjum fundi til að kynna og ræða alþjóðlegar skýrslur. Umræða um hvað ætti að falla undir þennan þátt, hvað það væri sem kennararáð ætti að einskorða sig við, hér væri um fjölbreytta flóru að ræða. Einnig rætt um hvort kennararáðið geti kallað menntavísindin til sín og haldið ráðstefnu um það sem er efst á baugi hverju sinni; sambr. þegar ráðstefnan [Kennarar framtíðarinnar](#) var haldin. Bent var á að með því móti geti kennararáð haft rödd í þessum málum og lagt lóð sín á vogarskálarnar varðandi skólaþróun og starfsþróun kennara.

Fundarfólk var sammála um að um þessar mundir væri hvers konar samstarf og lærdómssamfélag mikilvægt og því vert fyrir kennararáð að veita því athygli og beina til skólasamfélagsins. Í umræðum var bent að ráðuneytið hefur falið Menntamálastofnun þetta hlutverk og því tilvalið að nýta starfsmenn stofnunarinnar til að fylgjast með þessu verkefni. Varaformaður nefndi að hugmyndin að baki þessum þætti laganna væri að vinna ráðsins byggja á rannsóknum og reynslu annarra þjóða og tóku fundarmenn undir.

b. *Þáttur 8 – Að efla vitund um mikilvægi kennarastarfsins:* Fundarfólk velti upp nokkrum verkefnum sem hafa unnið að þessum þætti í starfsáætlun kennararáðs eins *Aðgerðir til stórsóknar í menntamálum og Komdu að kenna*. Rætt var sérstaklega um hvernig kennararáð gæti stutt við þau verkefni.

Í lok umræðna var ákveðið að stofna ekki vinnuhópa um þessa þætti starfsáætlunarinnar að sinni. Fundarfólk var sammála um að brýnna væri að nýta krafta og tíma kennararáðs í vinnu þeirra vinnuhópa sem þegar eru að störfum.

4. Þáttur 5 í starfsáætlun Kennararáðs – Að veita ráðgjöf um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og notkun hæfniramma við útfærslu og framkvæmd hennar

Formaður kynnti þennan þátt starfsáætlunarinnar, benti á skýrslu frá *Samstarfsráðu um starfsþróun kennara og skólastjórnenda* sem kennararáð gæti haft til hliðsjónar. Lagt var til að stofnaður yrði vinnuhópur um þennan þátt. Í umræðum var bent á að nú þegar er farin af stað vinna í ráðuneytinu sem snýr að nokkrum tillögum Samstarfsráðsins. Varaformaður lagði til að Björk Óttarsdóttir yrði boðuð á fund og segði frá því hver staðan er á þessum verkefnum þar sem hún hefur haft umsjón með þeim. Sú tillaga var samþykkt.

Formaður benti á að ráðið hefði ekki fengið formlegt erindi er varðar að vinna áfram með tillögur frá Samstarfsráði um starfsþróun kennara og skólastjórnenda en það væri vissulega mikilvægt að fara yfir tillögurnar og sjá hvað ætti heima undir kennararáði miðað við skyldur ráðsins skv. lögnum. Ekki voru gerðar athugasemdir við tillögu formanns um að stofna vinnuhóp um starfsþróun kennara. Vinnuhópurinn fer af stað samhliða vinnu um hæfniramma.

5. Álitamál í leyfisbréfavéitingu frá gildistöku laganna. Kynning frá MMS.

Ingileif Ástvaldsdóttir starfsmaður Menntamálastofnunar kynnti helstu flokka álitamála sem hafa komið upp við afgreiðslu umsókna um leyfisbréf kennara frá því nýju lögin tóku gildi. Rætt um kynninguna og hvernig það sem þar kom fram hefur áhrif á vinnu kennararáðs. Efninu var vísað til vinnuhóps 1 sem fjallar um hæfniramma um almenna og sértæka hæfni kennara.

6. Lögin. Þarf skýringu á einhverjum greinum laganna sem snúa að kennararáði?

Formaður lagði til að meðlimir kennararáðsins myndu senda honum og varaformanni ráðsins erindi ef eitthvað væri óskýrt fyrir þeim í lögnum sem ráðið starfar eftir.

7. Starfshópur um styrkingu leikskólastigsins

Formaður nefndi að honum og varaformanni hefði verið boðið á fund *Starfshóps um styrkingu leikskólastigsins*. Rætt var um mögulega snertifleti á verkefnum þessara hópa og samstarf þeirra. Tveir af meðlimum kennararáðs eru einnig í starfshópi um styrkingu leikskólastigsins og mynda því tengingu þar á milli.

8. Önnur mál.

Næsti fundur er verður miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 10-12 og verður hann haldinn á Teams.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 12:02.